

Suðurnes:

# Flugvöllur fyrir fjarstýrðar flugvélar

Keflavík.

8. okt. 1987

FLUGVÖLLUR með þrem brautum er rétt norðan við Keflavík og segja þeir sem nota völlinn að hann sé einn sá besti sinnar tegundar. Hér er ekki um þá gerð flugvallar að ræða sem manni dettur fyrst í hug, heldur er þetta flugvöllur sem áhugamenn um fjarstýrðar flugvélar hafa búið til og nota fyrir vélar sínar.

Gísli Hauksson í Njarðvík er mikill áhugamaður í gerð fjarstýrðra flugvéla og á hann einnig einar 6 slíkar sem hann hefur smíðað á þeim 5 árum sem hann hefur stund-

að þetta sport. „Ég nota hvert tækifæri sem gefst yfir sumartímann til að koma hingað með flugvélar mínar og láta þær fljúga,“ sagði Gísli í samtali við Morgunblaðið um daginn. Þá notaði Gísli góðan dag til að fljúga einu af flugmódelunum.

Gísli sagði að þetta hefði verið erfitt í byrjun, því hann hefði ekki haft mikla tilsögn og orðið að þreifa sig áfram af sjálfsdáðum. „Það er alveg sérstök tilfinning að fljúga þessum vélum, sérstaklega þegar maður hefur náð nokkurri stjórn. Það tók mig þó talsverðan tíma og



Gísli

Morgunblaðið/Björn Blöndal

Guðmundur og Gísli athuga vélina áður en hún fer í loftið.

nokkur óhöpp að ná tökum á fjarstýringunni þannig að ég á að baki talsverða reynslu.“

Guðmundur Sveinsson í Keflavík fékk flugbakkeríuna í sumar og hefur notið leiðsagnar Gísla, en þeir sem hafa átt leið til Sandgerð-

is og Garðs á góðviðrisdögum í sumar hafa veitt þeim félögum athygli þar sem þeir láta farkosti sína fljúga um loftin blá og þeir geta látið vélarnar gera hinar ótrúlegustu kúnstir.

— BB